

**146. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
9. mars 2020 og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Ragnheiður Stefánsdóttir varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Hafdís Sigurpórsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurpórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 2001289 - Dalbraut 4 - athugasemdir FEBAN vegna hönnunar félagsrýmis

Karl Haagensen verkefnastjóri og Alfreð Alfreðsson rekstrarstjóri áhaldahúss sátu undir þessum dagskrárlíð.

Lagt var fram minnisblað með svörum vegna athugasemdu frá Feban er varðar hönnun á þjónusturými á Dalbraut 4. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir fyrirbyggjandi svör og leggur til við bæjarráð að minnisblað verði haft til hliðsjónar varðandi endanlega hönnun rýmisins.

2. 1612106 - Guðlaug, heit laug - starfsleyfi o.fl.

Sturtuaðstaða við Guðlaugu.

Alfreð Alfreðsson rekstrarstjóri áhaldshúss, fór yfir möguleika á sturtuaðstöðu við Guðlaugu á Langasandi.

Alfreð Alfreðsson og Karl Jóhann Haagensen véku af fundi eftir þennan dagskrárlíð.

3. 2003067 - Tjaldsvæði í Kalmansvík 2020

Sindri Birgisson tók sæti á fundinum undir þessum dagskrárlíð.

Sindri Birgisson umhverfisstjóri fór yfir framkvæmd til að dreina tjaldsvæðið á Akranesi.

4. 1811112 - Umhverfisstefna Akraneskaupstaðar

Sindri Birgisson umhverfisstjóri kynnti fyrirbyggjandi umhverfisstefnu Akraneskaupstaðar.

Skipulags- og umhverfisráð óskar eftir umsögn eftirfarandi ráða á fyrirbyggjandi stefnu:

Skóla- og frístundaráð, velferðaráð, bæjarráð, ungmennaráð, öldungaráð og starfshóp um heilsueflandi samfélag.

Í framhaldinu verður stefnan kynnt á sameiginlegum fundi bæjarstjórnar og viðkomandi ráða.

Sindri Birgisson vék af fundi eftir þennan dagskrárlíð.

5. 1912175 - Sunnubraut - einstefna

Niðurstað úr könnun um vilja íbúa vegna einstefnu við Sunnubraut.

Sigurður Páll Harðarson vék af fundi undir þessum dagskrárlíð.

Jón Ólafsson verkefnastjóri sat fundinn undir þessum dagskrárlíð.
Fyrir liggur skoðunarkönnun á vilja íbúa í nágrenninu varðandi það að setja einstefnu á Sunnubraut.
Ljóst er að skiptar skoðanir íbúa eru á þessari ráðstöfun, um helmingur íbúa sem fengu bréf varðandi málið veitti umsögn.

Skipulags- og umhverfissráð getur ekki orðið við erindinu.

Jón Ólafsson vék af fundi eftir þennan dagskrárlíð.

6. 2002004 - Nýlendureitur - Melteigur 11, breyting á samkomulagi

Beiðni forsvarsmanns Kala ehf. um endurupptöku/endurgerð samkomulags frá árinu 2015 um Nýlendureit (milli Suðurgötu og Sóleyjargötu).

Málið kynnt.

7. 1811020 - Bárugata 19 viðbygging - umsókn um byggingarleyfi

Stækkun húss til suðurs.
Grenndarkynningu óskað.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til að grenndarkynnt verði skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynna skal fyrir lóðarhöfum við Bárugötu 17 og 21 og lóðahafa við Vesturgötu 14.

8. 2002088 - Asparskógur 13 - umsókn um byggingarleyfi

Óskað er eftir að lækka gólfkóta fjölbýlishúss að Asparskógum 13, um 20cm.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja lækkun gólfkóta um 20cm. Með breytingu verður hæð húss yfir landhæð 30cm. Í deiliskipulagi Skógarhverfis, 1. áfanga í grein 4.3.3 er kveðið á um að hæð húsa yfir landhæð sé að lágmarki 50cm.

Breyting á deiliskipulagi vegna þessarar breytingar skal vera skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

9. 1805071 - Deiliskipulag Smiðjuvalla - Smiðjuvellir 12-14-16-18-20-22

Samþykkt var í bæjarstjórn 14. maí 2019 deiliskipulag Smiðjuvalla vegna lóðanna við Smiðjuvelli 12-14-16-18-20 og 22. Tillagan var auglýst frá 5. mars til og með 28. apríl 2019, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að lagfæringar verði gerðar á deiliskipulaginu sem felast í að breyta lóðarmörkum á horni Smiðjuvalla og Þjóðbautar, vegna mögulegs hringtorgs. Stærð lóðar er leiðrétt. Ennfremur hefur uppdráttur og greinargerð verið lagfærð vegna ábendinga Skipulagsstofnunar frá 31. maí 2019. Lagfæringar eiga ekki við efnisatriði deiliskipulagins eða hagsmuni annarra en Akraneskaupstaðar.

10. 1911181 - Deiliskipulag - Garðabraut 1

Lögð fram skipulagslýsing vegna lóðar við Garðabraut 1.

Lagt er til við bæjarstjórn að skipulagslýsingin verði send umsagnaraðilum og auglýst til kynningar samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagslýsingin tekur til áforma um deiliskipulag lóðarinnar við Garðabraut 1.

11. 2001064 - Merkurteigur 4 - viðbót við eignalóð lóðaleigusamningur

Drög að lóðarleigusamningi

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir fyrirbyggjandi samkomulag um afnot lóðarhafa við Merkurteig 4 af lóð við Merkurteig 4A.

RS

12. 2003037 - Gjaldskrá - gatnagerðargjöld 2020.

Endurskoðun á gjaldskrá fyrir gatnagerðargjöld.

Lögð fram drög að breytingu á gatnagerðargjöldum.

13. 2001149 - Sorpmál - starfshópur

Erindisbréf.

Skipulags- og umhverfiráð samþykkir fyrirbyggjandi erindisbréf starfshóps um hirðu, endurvinnslu og eyðingu sorps á Akranesi. Erindisbréfinu er vísað til bæjarráðs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:45.

Ragnar Samundsson



Sig. P. A.

Ragnheiður Stefánsdóttir

Haldis Sigurðarsdóttir rit.